

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki og rafeyrissfyrirtæki skulu greiða 0,00874% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,232% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,045% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,0059% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádrögnum hluta endurtrygginga í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,1% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,1% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,00988% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóðs samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00605% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. máls. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,65% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Íslandsþóstur hf. skal vegna innlánsreikninga Póstgírós greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,011% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0011% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulíð 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að 10% hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða 1/3 hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulíð 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 32.500 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.